

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Innbæ.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 14. desember 2022 breytingu á deiliskipulagi Innbæjar.

Breytingin tekur til lóðarinnar Hafnarstrætis 2 og felur í sér að skilgreindur er nýr byggingarreitur fyrir bílgeymslu. Reiturinn er 1,5 m frá lóðarmörkum og er 4,4 m á breidd og 7,3 m að lengd. Samhliða hækkar nýtingarhlutfall úr 0,677 í 0,796.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 24. janúar 2023,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 8. febrúar 2023